

Ár 2006, miðvikudaginn 26. apríl, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn svohljóðandi dómur í kærumálinu nr. 1/2006:

Handknattleiksdeild Vals

gegn

Ungmennafélagi Selfoss

Málið dæmir Jóhannes Albert Sævarsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dagsett er 19. febrúar 2006 og móttakin hjá skrifstofu HSÍ með tölvupósti sama dag. Á fundi Dómstóls HSÍ 28. febrúar s.l. var ákveðið að Jóhannes Albert Sævarsson sæti einn í dómi Dómstóls HSÍ sem fjallaði um kærumál nr. 2/2006 fyrir dómstólnum. Með boðun dags. 25. apríl 2006 var boðað til þinghalds kl. 17:00 þann 26. apríl s.m. að Vegmúla 2, Reykjavík þar sem málið skyldi þingfest. Mættur f.h. kæranda við þingfestingu málsins var Óskar Bjarni Óskarsson þjálfari meistaraflokks hkd. Vals. Útivist varð af hálfu kærða, hkd. UMF Selfoss. Var kæranda gefinn kostur á að reifa sjónarmið sín til stuðnings kærinni og var málið dómtekið að svo búnu.

Frammi liggja eftirfarandi dómskjöl merkt nr. 1-6:

1. Kæra dags. 19.02.2006.
2. Tölvupóstur til forsvarsmanna UMF Selfoss dags. 16.03.2006.
3. Tölvupóstur HH formanns UMF Selfoss dags. 17.03.2006, ásamt greinargerð.
4. Tölvupóstur til forsvarsmanna hkd. Vals dags. 25.04.2006 og staðfesting á mótt. boðunar í þinghald frá ÓBÓ.
5. Tölvupóstur frá HH dags. 25.04.2006, staðfesting á mótt. boðunar í þinghald.
6. Greinargerð þjálfara 3. fl. hkd. Vals dags. 26.04.2006.

Álitaefni það sem borið hefur verið undir Dómstól HSÍ er hvort leikmönnum karlaliðs Selfoss 2 í 3. flokki hafi verið heimilt að leika með karlaliði Selfoss 1 í sama flokki án þess að formleg félagaskipti þessara leikmanna hafi farið fram áður á milli liða Selfoss 2 og Selfoss 1.

Dómkröfur kæranda:

Hkd. Vals hefur kært nokturn tveggja leikmanna úr liði Selfoss 2 með liði Selfoss 1 án undangenginna félagaskipta og gerir þær dómkröfur að viðurkennt verði með dómi ólögmat nokturn þessara leikmanna og að Hkd. Vals verði dæmur 10-0 sigur á Selfossi 1 í leik sem fram fór laugardaginn 18. febrúar 2006.

Dómkröfur varnaraðila:

Hkd. UMF Selfoss krefst þess að máli þessu verði vísað frá dómi, en til vara að úrslit leiksins verði látin standa óbreytt sem skoðast sem krafa um sýknu af framkomnum kröfu hkd. Vals.

Málsástæður kæranda:

Kærandi heldur því fram að þeir leikmenn sem áður höfðu leikið með karlaliði Selfoss 2 í 3 flokki hefðu þurft að tilkynna formlega um félagaskipti til að öðlast keppnisrétt með karlaliði Selfoss 1 í sama flokki. Þar sem slík félagaskipti fór ekki fram hafi leikmenn þessir verið ólöglegir með liði Selfoss 1 og því skulu úrslit leiksins, sem Selfoss 1 sigraði, dæmast hkd. Vals í vil.

Málsástæður varnaraðila:

Vísa beri málinu frá þar sem í kæru hkd. Vals hafi ekki verið vísað til laga eða reglna HSÍ kærinni til stuðnings. Slíkt brjóti í bága við 6. grein reglugerðar um dómstól HSÍ. Þá telur varnaraðili að leikmönnum Selfoss 2 hafi verið frjálst að færast upp og leika með Selfossi 1 án þess að til formlegra félagaskipti hafi þurft að koma áður.

Niðurstaða dómsins:

Kæra er dagsett 19. febrúar 2006 og móttekin á skrifstofu HSÍ sama dag. Þannig hefur kæran borist innan 24 klst. kærufrestsins sem áskilinn er skv. 1. tl. 5. gr. reglugerðar um dómstól HSÍ. Einnig er lagt til grundvallar að uppfyllt hafi verið ákvæði 3. gr. sömu reglugerðar um kærurétt þannig að kærandi geti talist vera réttur aðili að málinu. Varðandi form kæru þá uppfyllir það í strangasta skilningi ekki ákvæði 6. gr. sömu reglugerðar. Kæruefninu eru h.v. gerð nægjanlega góð skil í kærinni og fer ekki á milli mál hvað verið er að kæra. Að þessu virtu þykir ekki ástæða til að vísa kærinni frá dómi, heldur taka málið til efnislegrar úrlausnar.

Í reglugerð HSÍ um handknattleiksmót segir að í 3. flokki karla séu drengir á aldrinum 16-17 ára, sbr. grein 2.1.3. Í reglugerð HSÍ um félagaskipti segir að leikmönnum 17 ára og yngri sé heimilt að skipta um félag á tímabilinu 1. júní til 1. febrúar ár hvert og að félagaskiptin skuli fara fram á þar til gerðu eyðublaði útgefnu af HSÍ sbr. grein 3.1.3 í sömu reglugerð. Í skilningi félagaskiptareglugerðar HSÍ verður hugtakið “félagaskipti” aðeins skilið sem skipti úr einu félagi í annað félag, það er að segja skipti á milli tveggja lögpersóna. Dómurinn gagnályktar frá þessu ákvæði félagaskiptareglugerðar HSÍ á þann veg að ekki þurfi að koma til félagaskipti þegar leikmenn færast upp á milli liða innan sama flokks í sama félagi, frekar en slíkt þurfi að koma til þegar leikmenn færast upp á milli flokka. Í máli þessu færðust leikmenn sem áður höfðu leikið með Selfossi 2 upp og léku með Selfossi 1. Slíkur flutningur telst vera heimill án formlegra félagaskipta.

Það kunna aftur á móti að vera hömlur á því hvort sá sem áður hefur leikið með liði 1 eða liði A, geti flust aftur niður og leikið með liði 2 eða liði B innan sama flokks í sama félagi. Slíkar reglur hafa h.v. ekkert með félagaskipti að gera.

DÓMSORÐ:

Úrslit í 3. flokks leik hkd. UMF Selfoss gegn hkd. Vals frá 18. febrúar 2006 skulu standa óhöggð.

Jóhannes Albert Sævarsson